

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 269/2014****2015/EES/71/16****frá 12. desember 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zzp (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2013) í XV. kafla:

„12zzq. **32013 R 0098**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna (Stjtið. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 1).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 5. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/43/EB) í XXIX. kafla:

„6. **32013 R 0098**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 98/2013 frá 15. janúar 2013 um markaðssetningu og notkun forefna sprengiefna (Stjtið. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 98/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.